

Landssíminn annast viðhald sendi- og viðtækjanna, að undanskildu viðhaldi loftnets, viðtökulampa, rafhlaðna og rafgeyma fyrir viðtæki, en það annast leigutaki. Gjaldið fyrir hina árlegu loftskeytastöðvarskoðun er innifalið í framan- greindri leigu. 170
13. sept.

5. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa tækin váttryggð á sinn kostnað gegn hverskonar tjóni: Talstöð af gerð E fyrir kr. 3000.00, og ber honum að greiða landssímanum þessa upphæð, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á lands- síminn beinan rétt til váttryggingarfjárins.

6. gr.

Talstöðvar þær, sem landssíminn lætur þannig á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma.

7. gr.

Ef settar reglur eru ekki haldnar, getur landssíminn endurkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið taka stöðina úr skipinu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 13. september 1939.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hliðdal.

G J A L D S K R Á

um leigukjör og starfrækslu á loftskeytastöðvum (gerð C og D), sem landssím- inn lætur á leigu í íslensk skip, sem eru skyld að hafa loftskeytastöð. 171
13. sept.

1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að fá loftskeytastöð (gerð C eða D) í íslensk skip samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skirteini.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki (án loftnets og viðtækis), 1 varalampa af hverri tegund, svo og vinnu við rafmagnsuppsetningu, en leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku sé fyrir hendi og leitt inn í loftskeytakefa, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna.

Leigutíminn er minnst 3 ár í senn. Að skemmstum leigutíma liðnum má segja leigu stöðvarinnar upp hálfárslega með 6 mánaða fyrirvara. Leigutaka ber að hafa fullkominn loftskeytamann, sem landssíminn tekur gildan, til þess að starfrækja stöðvarnar og sjá um, að þær séu vel hirtar eða vel geymdar.

3. gr.

Loftskeytastöðvar þær, sem hér um ræðir, eru af tveim gerðum, C og D.

Loftskeytastöð af gerð C felur í sér:

1 stýrðan lampasendi með ca 150 watta loftnetsorku, sem gefur frá sér tón- mótaðar öldur á öllum öldulengdum milli 600 og 800 m. Með sendinum fylgir mótör- rafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill.

171 Með stöðinni fylgja venjulegir varahlutir, svo sem: kolaburstar til mótora-
13. sept. rafals, lykilsnertur, vör, einn varalampi af hverri tegund.

Loftskeytastöð af gerð D felur í sér:

1 stýrðan lampasendi, sem gefur frá sér tónmótaðar raföldur á öllum öldulengdum milli 600 og 800 m með 400 watta loftnetsorku eða ómótaðar öldur með 300 watta loftnetsorku. Með sendinum fylgir mótorrafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill. Varahlutir hliðstæðir og við gerð C.

4. gr.

Leigutaki greiði fyrir gerð C 300 kr. í stofngjald og 250 kr. í leigu ársfjórðungslega, en fyrir gerð D 500 kr. í stofngjald og 350 kr. í leigu ársfjórðungslega. Stofngjald greiðist áður en uppsetning fer fram og leigan ársfjórðungslega fyrirfram. Gjaldskrá þessari getur samgöngumálaráðherra breytt, ef ástæða þykir til, sérstaklega ef gullgengi íslenzkrar krónu raskast. Lögtaksréttur er á gjöldum þessum.

Landssíminn annast á sinn kostnað venjulegt viðhald senditækjanna. Gjaldið fyrir hina árlegu loftskeytastöðvarskoðun er innifalið í framangreindri leigu.

5. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa stöðina váttryggða á sinn kostnað gegn hverskonar tjóni:

Gerð C fyrir kr. 6000.00

— D — — 8500.00

og ber honum að greiða landssímanum þessa upphæð, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins.

6. gr.

Loftskeytastöðvar þær, sem landssíminn lætur þannig á leigu, eru að sjálf-sögðu háðar almennum reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda um loft-skeytastöðvar og rekstur þeirra.

7. gr.

Ef settar reglur eru ekki haldnar, getur landssíminn endurkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið taka stöðina úr skipinu.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, um loft-skeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 13. september 1939.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hlíðdal.